

**Nd.**

**463. Nefndarálit**

[173. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Samkvæmt gildandi lögum ætti happdrættisleyfi dvalarheimilis aldraðra sjómanna að renna út 24. apríl 1964. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að leyfið fram-  
lengist til ársloka 1974, og jafnframt, að 40% af ágóða happdrættisins renni í  
byggingarsjóð aldraðs fólks, en frv. um myndun þess sjóðs liggur nú fyrir þinginu.

Ágóðanum af happdrættinu að öðru leyti, eða 60%, verður eftir sem áður varið  
til dvalarheimilis aldraðra sjómanna, en jafnframt fær stjórn dvalarheimilisins  
heimild til þess að veita styrki eða lán til annarra dvalarheimila.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. marz 1963.

Gísli Jónsson,      Birgir Finnsson,      Hannibal Valdimarsson.  
form.                      fundaskr., frsm.  
Guðl. Gíslason.      Jón Skaftason.